



Minnisblað – 2003031

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Starf Viðbragðsteymis Dalabyggðar vegna COVID-19*

Dags.: 12.01.2022

Viðbragðsteymi Dalabyggðar skipa: Kristján Sturluson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Kristján Ingi Arnarsson, Magnína Kristjánsdóttir, Viðar Þór Ólafsson, Ívar Örn Þórðarson, Haflína Ingibjörg Hafliðadóttir, Herdís Erna Gunnarsdóttir og Jóhanna María Sigmundsdóttir. Þórður Ingólfsson læknir hefur komið inn á fundi viðbragðsteymis til upplýsingar og samráðs.

Á milli funda hefur teymið skipst á upplýsingum s.s. hvað varðar stöðu smita á Vesturlandi og uppfærðar auglýsingar og leiðbeiningar í spjallborði. Hérna fyrir neðan má sjá samantekt af síðustu samskiptum og fundum teymisins.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 7. desember 2021:
Óbreytt reglugerð framlengd
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 10. desember 2021:
Staða smita – 4 í sóttkví í Dalabyggð
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 13. desember 2021:
Staða smita – 1 í sóttkví í Dalabyggð
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 14. desember 2021:
Staða smita – 1 í sóttkví í Dalabyggð
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 16. desember 2021:
Staða smita – 1 í sóttkví í Dalabyggð
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 20. desember 2021:
Staða smita – 1 í sóttkví í Dalabyggð
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 21. desember 2021:
Staða smita – 3 í sóttkví í Dalabyggð. Innanlandstakmarkanir hertar.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 22. desember 2021:
Helstu breytingar í hertum takmörkunum. Staða smita – 4 í sóttkví í Dalabyggð.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 22. desember 2021:
Breyttar reglur komnar fram. Hafa ekki áhrif á okkar starfsemi. Fá börn í leikskóla milli hátíða. Á ekkert að vera til þess að ekki sé hægt að halda sig við opnun leikskóla milli hátíða eða að skólastarf grunnskóla hefjist samkvæmt plani eftir áramót ef ekki koma upp smit. Ákveðið að hafa bara flugeldasýningu en ekki brennu um áramótin. Heimsóknarreglur á Silfurtúni rýmkaðar hvað varðar heimsóknir í heimahús og gesti á dag.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 28. desember 2021:
Staða smita – 5 í sóttkví og 4 í einangrun í Dalabyggð. Flugeldasýning verður ekki og tilkynning sett á heimasíðu Dalabyggðar þar um.

- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 29. desember 2021:
Þórður Ingólfsson læknir, kemur á fundinn. Þeir sem eru smitaðir núna eru ekki að taka marga með sér í sóttkví. Sýni tekin nær daglega og ef þarf yfir helgina verða tekin sýni. Getum bara verið varkár og gripið til allra varúðarráðstafana sem hægt er. Skynsamt að hætta við flugeldasýningu. Gert ráð fyrir að skóli hefjist eftir helgi. Áhyggjur af smitum gagnvart Silfurtúni, heimilismenn og starfsmenn undir, þarf að vera til lausn upp á búningaaðstöðu starfsmanna utan heimilisins ef upp kemur smit. Þó þú hafi smitast áður áttu í hættu að fá ómíkrón afbrigðið, smit er ekki 100% vörn.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 3. janúar 2022:
Staða smita – 24 í sóttkví og 8 í einangrun
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 4. janúar 2022:
Staða smita – 10 í sóttkví og 11 í einangrun
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 4. janúar 2022:
Töluverð aukning smita en fækkar í sóttkví. Smitin hafa lítil sem engin áhrif á starfsemi Auðarskóla og Silfurtúns. Fólk er við öllu búið en almennt rólegt. Rætt um bólusetningar 5-11 ára, ef nýta á húsnæði skólans þarf að auka þrif og sótthreinsun í samræmi við aukna umgengni en ekkert vitað um framkvæmd/fyrirkomulag enn sem komið er. Viðbúið að þurfi að breyta heimsóknarreglum á Silfurtúni ef bylgja verður úr smitum. Grímuskylda áréttuð í stjórnsýsluhúsi.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 5. janúar 2022:
Staða smita – 10 í sóttkví og 11 í einangrun
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 6. janúar 2022:
Staða smita – 11 í sóttkví og 13 í einangrun
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 8. janúar 2022:
Breyttar reglur um sóttkví
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 10. janúar 2022:
Staða smita – 3 í sóttkví og 13 í einangrun
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 11. janúar 2022:
Staða smita – 2 í sóttkví og 13 í einangrun. Gildandi reglugerð framlengd.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 11. janúar 2022:
Fjöldi í sóttkví lækkar, gott að það séu ekki fleiri smit. Staðan hefur ekki áhrif á starfsemi Auðarskóla eða Silfurtúns. Allir samt vakandi fyrir einkennum og meiri varkárni hjá fólki. Niðurstaða ríkisstjórnar er að framlengja óbreyttar aðgerðir til byrjun febrúar.